



Oddeyrarskóli Tengja

3. tbl.
skólaárið
2013-2014

Menntamálaráðherra heimsækir Oddeyrarskóla

Föstudaginn 15. nóvember mun Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra koma til Akureyrar og sitja málstefnu sem kennarar og nemendur 10. bekkja á Akureyri standa fyrir. Að morgni þess dags hyggst Illugi heimsækja okkur í Oddeyrarskóla og kynna sér byrjendalæsi á yngsta stigi. Við bjóðum Illuga hjartanlega velkominn til okkar í skólann og vonum að hann hafi gagn og gaman af.



Starfsáætlun Oddeyrarskóla

Nú hafa stjórnendur Oddeyrarskóla lagt lokahönd á nýja starfsáætlun skólans.

Hún er birt á heimasíðu skólans undir tenglinum *skólastarf*. Starfsáætlun er hluti af skólanámskrá skólans og gefur ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Þar má m.a. finna upplýsingar um störf hjúkrunarfræðings, skólamáltíðir, hefðir og venjur í skólanum o.fl.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Nemenda- og foreldraviðtöl verða 20. og 21. nóvember og geta foreldrar valið sér viðtalstíma í gegnum Mentor. Mikilvægt er að nemendur séu búnir að fylla út leiðsagnarmatið fyrir mánudaginn 18. nóvember og biðjum við ykkur foreldrana um að styðja þau í því. Viðtalsdagana munu nemendur úr 6. bekk selja nýbakaðar vöflur og kaffi/djús. Ágóðinn rennur til Reykjaferðar árgangans næsta vetur.



Starfskynningar hjá nemendum í 9. bekk



Í lok nóvember stendur til að nemendur í 9. bekk Oddeyrarskóla fari í starfskynningar í fyrirtæki hér á Akureyri eða í nágrenni.

Starfskynningar eru liður í náms- og starfsfræðslu skólans og byggja m.a. á aðalnámskrá

grunnskóla (2011) en þar er m.a. kveðið á um tengsl skóla og nærsamfélags.

Þá er óskað eftir því að strákar kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta.

Nemendur mega einnig vera báða dagana á „óhefðbundnum“ vinnustað ef vilji er fyrir hendi og samþykki fæst á vinnustaðnum.

Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á 23. gr. jafnréttislaga þar sem segir: *Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.*

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru konur t.d. í miklum meirihluta starfa í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og fræðslustarfsemi. Karlar eru hins vegar í miklum meirihluta starfa í mannvirkjagerð og iðnaði svo dæmi séu tekin. Að starfskynningu lokinni fræða nemendur foreldra sína, samnemendur og kennara um það sem þeir hafa kynnt sér á vinnustað. Umsjón með framkvæmd starfskynninga hafa þuríður námsráðgjafi og María umsjónarkennari.

Á döfinni

15. nóvember: Kaffisþjall foreldra 1. bekkjar og stjórnenda. Heimsókn menntamálaráðherra í yngstu bekkina. Fögnum degi íslenskrar tungu sem er þann 16. nóvember.

19. nóvember: Kaffisþjall hjá foreldrum 10. bekkjar og stjórnendum.

20. og 21. nóvember: Nemenda- og foreldraviðtöl. Foreldrar fá val um tímasetningar í gegnum Mentor. Nemendur í 6. bekk standa fyrir vöflukaffi í matsal skólans.

29. nóvember: Spiladagur. Nemendur á mið- og unglíngastigi spila félagsvist og nemendur yngri bekkja önnur spil.

Hæfileikakeppni Oddeyrarskóla

Hæfileikakeppni Oddeyrarskóla, "Oddeyrarskóli got talent", verður haldin á skólatíma föstudaginn 6. desember. Nemendaráð Oddeyrarskóla stendur að undirbúningi keppinnar.

Nemendur 1.—4. bekkjar verða með sérstaka hæfileikakeppni um morguninn en svo munu nemendur 5.—10. bekkjar auk starfsmanna etja kappi kl. 10-12. Dómnefnd verður skipuð tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum starfsfólks. Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Jólamatur 18. desember

Miðvikudaginn 18. desember verður jólamatur hér í Oddeyrarskóla. Þann dag stendur öllum til boða að kaupa jólamáltíðina, hvort sem þeir eru skráðir í mataraskrift eða ekki. Þeir sem ekki eru skráðir í mat þurfa að láta vita hvort þeir þiggi þetta boð og greiða fyrir 1. des.

Boðið verður upp á reykt svínakjöt, brúnaðar kartöflur og annað gott meðlæti. Stök máltíð kostar 500 kr. og má greiða hjá ritara eða stjórnendum.

Daginn áður skera nemendur og steikja laufabrauð sem þeir geta borðað með matnum.



Aldursblandaðir hópar á miðstigi — markmiðsbundið nám

Á miðstigi er mjög skemmtileg vinna í gangi sem felur í sér samkenndu árganga. Þá er unnið í aldursblönduðum hópum í fjórum námsgreinum, íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og ensku. Unnið er út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og nemendur fá í hendur þau markmið sem verið er að vinna með hverju sinni. Þannig fá þau betri yfirsýn og tilfinningu fyrir eigin námi auk þess sem við teljum að þetta auki sjálfstæði þeirra í náminu. Í stærðfræði höfum við verið að vinna með rúmmál undanfarnar 3 vikur. Nemendur fá í hendur markmið rúmfraðinnar og kjarna til að vinna eftir. Kjarninn er unnin upp úr námsefninu *Stiku 1-3* sem er stærðfræðiefni fyrir miðstig. Í kjarnanum sjá nemendur hvaða dæmi á að vinna til að ná ákveðnum markmiðum. Þegar einni lotu líkur, t.d. rúmfraðilotu, er próf þar sem kannað er hvort nemendur hafi náð markmiðum sínum. Þegar niðurstöður liggja fyrir fer kennari með nemendum yfir markmiðin og nemendur gera sjálfsmat þar sem þeir merkja við hjá sér hvort tilteknum markmiðum sé náð. Ef ekki vinna nemendur fleiri verkefni og gera æfingar til að ná markmiðum sínum.



Með þessu fyrirkomulagi vonumst við til að efla ábyrgð nemenda á eigin námi og að þau átti sig betur á því til hvers er ætlast, hver sé tilgangurinn með náminu.

Með því að vinna í aldursblönduðum hópum aukast möguleikar kennara til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og námið verður einstaklingsmiðaðra. Það að einstaklingar séu í sama bekk þýðir ekki að þeir hafi sömu þarfir og séu námslega einsleitir, þeir geta verið mjög ólíkir og því getur hentað vel að vinna í fjölbreyttari hópum.